

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir minningarsjóð Guðfinnu Júlíusdóttur og Ágústínu Jónsdóttur.

Í samræmi við óskir Guðfinnu Júlíusdóttur sem fædd var þann 07.12.1923 en lést þann 21.07 2005 hafa erfingjar hennar ákveðið að stofna sjóð til minningar um Guðfinnu Júlíusdóttur og móður hennar Ágústínu Jónsdóttur með eftirfarandi skipulagsskrá.

1. gr. **Heiti sjóðsins.** Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Guðfinnu Júlíusdóttur og Ágústínu Jónsdóttur.
2. gr. **Stofnfé sjóðsins og varðveisla sjóðsins.** Stofnfé sjóðsins eru allar eignir dánarbús Guðfinnu Júlíusdóttur sem nema samkvæmt uppgjöri erfingjanna að frádregnum kostnaði dánarbúsins við jarðaför, uppgjör opinberra gjalda og stofnun sjóðsins. Höfuðstóllinn kr. 10.761.342 segi og skrifa krónur tíu milljónir sjö hundruð sextíu og eitt þúsund þrjú hundruð fjörutíu og tvær 00/100. Stofnfé sjóðsins skal haldast óskert á hverjum tíma. Sjóðinn skal ávaxta í verðtryggðum bréfum, skráðum hlutabréfum, skráðum sjóðum verðbréfafyrirtækja eða á verðtryggðum innlánsreikningum og eða á annan jafntryggan hátt samkvæmt ákvörðun stjórnar sjóðsins á hverjum tíma. Leitast hefur verið við að tryggja að allar eignir og kröfur dánarbúsins séu uppgærðar. Komi fram kröfur á dánarbúið skal sjóðurinn standa á þeim skil. Á sama hátt skulu eignir sem fram kunna að koma í búið renna til sjóðsins.
3. gr. **Tekjur sjóðsins og ráðstöfunarfé.** Tekjur sjóðsins eru vextir af stofnfé hans á hverjum tíma og vextir af öðru fé sem sjóðnum kann að áskotnast. Gjafafé sem sjóðnum kann að áskotnast skal leggja við stofnfé sjóðsins. Tekjum sjóðsins ár hvert að frádregnum kostnaði við stjórnun sjóðsins skal að jafnaði úthlutað ár hvert.
4. gr. **Tilgangur sjóðsins.** Tilgangur sjóðsins er að styrkja starfsemi yngri flokka, styrkja efnaminni leikmenn til þátttöku og veita leikmönnum yngri flokka Ungmennafélagsins Aftureldingar ferðastyrki til keppnisferða eða þjálfunarferða á vegum Aftureldingar sbr. ákvæði 3. gr. og ákvörðun stjórnar sjóðsins á hverjum tíma.
5. gr. **Stjórn sjóðsins.** Stjórn sjóðsins skulu á hverjum tíma skipa þrjú menn og skal meirihluti stjórnarinnar ráða um ákvarðanir hennar hverju sinni. Stjórnarmenn þiggja ekki þóknun fyrir störf sín. Einn stjórnarmaður skal tilnefndur af stjórn Ungmennafélagsins Aftureldingar sem jafnframt skal tilnefna mann í stað viðkomandi stjórnarmanns. Tveir stjórnarmenn skulu í fyrstu tilnefndir úr hópi ættingja Guðfinnu Júlíusdóttur. Eftir stofnun sjóðsins munu umboðsmenn erfingja Guðfinnu Júlíusdóttur þeir Sigurður Svavarsson, Sigurður Guðjónsson og Bjarni Benedikt Bjarnason tilnefna fyrstu tvo stjórnarmenn úr hópi ættingja. Eftir að stjórnarmenn úr hópi ættingja hafa verið tilnefndir skulu þeir eða sá stjórnarmaður á hverjum tíma sem eftir situr í stjórn ef stjórnarmaður forfallast tilnefna nýja stjórnarmenn. Stjórnarmenn skulu velja formann sjóðsstjórnar til tveggja ára í senn. Stjórnarmenn skulu vera fjár síns ráðandi. Stjórnarmenn skulu ekki gegna störfum eftir það almanaksár sem þeir verða sjötíu og fimm ára. Formaður sjóðsstjórnar skal

senda til Sjóðaskrár Dómsmálaráðuneytisins tilkynningar um hverjir séu stjórnarmenn eftir fyrstu tilnefningu þeirra og um breytingar í stjórn sjóðsins. Verði ungmennafélagið Afturelding lagt niður skal sjóðurinn renna til þess íþróttafélags sem starfar á svæði Aftureldingar og bíður upp á alhliða íþróttaiðkun barna og ungmenna, samkvæmt nánari ákvörðun sjóðsstjórnar. Tekur það félag þá við skyldum við sjóðinn.

6. gr. **Reikningar sjóðsins.** Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skal stjórn semja reikning fyrir sjóðinn ár hvert ásamt skýrslu um starfsemi sjóðsins á fyrra ári og úthlutanir hans. Formaður sjóðsstjórnar skal sjá til þess að reikningur sjóðsins ásamt skýrslu stjórnar sé sendur Ríkisendurskoðun eigi síðar en 30.06. ár hvert.
7. gr. **Breyting á skipulagsskrá.** Komi til þess að markmiðum skipulagsskrár þessarar verði ekki náð er heimilt að leita um það til Dómsmálaráðuneytis að skipulagsskrá verði breytt sbr. heimild í 6. gr. l. 19/1998.

Skipulagsskrá þessi skal send Dómsmálaráðuneytinu til staðfestingar.

Reykjavík, 11. apríl 2006.  
Fyrir hönd erfingja Guðfinnu Júlíusdóttur  
skv. umboðum þeirra.

Bjarni Benedikt Bjarnason

Sigurður Guðjónsson

Sigurður S. Svavarsson